

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn í Zoom 18. nóvember 2019 kl. 13:15.

Fundinn sátu eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs. Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson, Kristján Þór Magnússon og Sigurður Þór Guðmundsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður, Dagbjört Jónsdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

### 1. Aukið samstarf í brunavörnum – næstu skref

Í framhaldi af bókun á síðasta fundi liggja nú fyrir svör frá slökkviliðsstjórunum varðandi búnað og mannafla slökkviliðanna ásamt sýn þeirra á það hvaða tækifæri og ógnanir liggja í auknu samstarfi í málaflokknum á svæðinu. Ljóst er af svörunum að þeir horfa til þess að aukið samstarf/sameining kalli á aukna fjármuni til málaflokksins.

Rætt um næstu skref í verkefninu og áréttað að sýn framkvæmdastjórnarinnar á það er fyrst og fremst sú hvort og þá hvernig megi auka öryggi íbúa og fasteignaeigenda á svæðinu innan þess fjárhagsramma sem er um málaflokkinn í dag.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að leita upplýsinga og ráða hjá Ástu Stefánsdóttur sveitarstjóra Bláskógarbyggðar sem þekkir vel til málefna Brunavarna Árnassýslu og fá fund framkvæmdastjórnar með henni áður en lengra er haldið.

### 2. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00